Vatnsnesvegur (711-07), Húnaþingi vestra

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 3. september 2026 barst Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) tilkynning frá Vegagerðinni um uppbyggingu Vatnsnesvegar, Húnaþingi vestra, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 2.02 og 10.08 í 1. viðauka laganna.

HMS leitaði umsagna Húnaþings vestra, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Lands og skógar, Landsnets, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Rarik.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til HMS: Vatnsnesvegur (711-07), Húnaþingi vestra. Síðuvegur (716) – Hringvegur (1). Kynningarskýrsla. Vegagerðin – Norðursvæði og hönnunardeild. Ágúst 2026.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Húnaþingi vestra dags. 2. október 2026
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra dags. 30. september 2026
- Landi og skógi dags. 1. október 2026
- Landsneti dags. 21. september 2026
- Minjastofnun Íslands dags. 2. október 2026
- Náttúrufræðistofnun dags. 29. september 2026
- Náttúruverndarstofnun dags. 29. september 2026
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 5. október 2026
- Rarik dags. 17. september 2026

Ekki barst umsögn frá Fiskistofu.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 6. og 13. október 2026.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Um Vatnsnes í Húnaþingi vestra liggur Vatnsnesvegur (711) sem er tæplega 77 km langur. Upphaf hans er í miðbæ Hvammstanga og endir hans við Hringveg 1 í landi Neðra Vatnshorns. Stór hluti hans eða 66,4 km er mjór malarvegur sem fyrirhugað er að endurbyggja í áföngum á næstu árum. Sá kafli sem á að endurbyggja núna er 10,2 km langur á Vatnsnesvegi á vestanverðu Vatnsnesi. Vegarkaflinn liggur á milli Síðuvegar (716) og Hringvegar (1), núverandi vegur er mjór með útskotum og malaryfirborði og uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Á honum er einbreið brú yfir Hörghólsá sem vegurinn hefur verið lagður yfir. Vegurinn er tengivegur skv. vegaskrá af vegtegund C7, 7 m breiður vegur með 6 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum öxlum. Vegurinn verður með bundnu slitlagi og hönnunarhraði verður að jafnaði 90 km/klst.

umferðarrýmd er ≤500 bílar á sólahring og öxulþungi verður 11,5 tonn. Endurbyggingin fylgir að mestu núverandi veglínu. Núverandi brú yfir Hörghólsá verður skipt út fyrir ræsi. Planlega vegarins verður löguð og vikið út frá núverandi vegi þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla öryggiskröfur veghönnunar.

Efnistaka

Efnistaka er fyrirhuguð úr skeringum, þremur útvíkkuðum skeringum meðfram vegi og úr 5 námum. Ein þeirra Uppsalanáma, er í Húnabyggð, náma E-2 á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2030. Tvær af námunum eru á aðalskipulagi Húnaþings vestra og tvær námur, Móamelar suður og Móamelar III hafa ekki verið nýttar áður og eru ekki á aðalskipulagi. Breyta þarf aðalskipulagi vegna þeirra og einnig vegna Hörgshóls II sem er á skipulagi vegna aukinnar efnistöku. Áætluð heildarefnisþörf fyrir framkvæmdirnar eru 166.500 m^3. Framkvæmdin er innan verndarsvæða lítt raskaðs votlendis. Votlendinu hafi þó áður verið raskað við lagningu núverandi vegar. Þegar framkvæmdum við vegkaflann lýkur verður þessi hluti vegarins lagður bundnu slitlagi, breiðari og hægt að mætast án þess að víkja í útskot.

Frágangur

Stuttur kafli núverandi vegar sem ekki nýtist að framkvæmdum loknum verður fjarlægður í samráði við landeigendur. Um er að ræða kafla sunnan við heimreið að Böðvarshólum þar sem lega vegarins verður löguð.

Við framkvæmdir verður reynt að raska gróðri og jarðvegi sem minnst. Skeringar og námur verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur og öllum lífrænum jarðvegi sem finnst á yfirborði náma og skeringa verður ýtt í haug áður en efnistaka hefst og hann geymdur til að nota við frágang þegar efnistöku lýkur. Við frágang verður flutt til efni í jöðrum náma og skeringa til að aðlaga þær sem best að landinu í kring. Frágangi á vegskeringum og námum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Röskuð svæði verða mótuð í samræmi við landslag og halla umhverfis. Brúnir efnistökusvæða og útvíkkaðra skeringa verða afrúnnaðar til að minnka hættu á rofi og aðlagaðar landinu í kring og lífrænum jarðvegi jafnað yfir, sé hann fyrir hendi.

Línur og lagnir

Upplýsingar um lagnir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði liggja fyrir. Á svæðinu eru jarðstrengur frá Rarik og ljósleiðari Mílu. Syðst á svæðinu eru einnig hitaveitulagnir.

Um suðurenda fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis við Hringveg liggur Laxárvatnslína 1 sem er 132 kV háspennulína. Línan sem liggur milli Laxárvatns og Hrútatungu er í eigu og rekstri Landsnets. Jarðstrengur frá Rarik liggur í gegnum veginn við Hörgshól. Einnig liggur hann í gegnum veginn með tengingu að Sporði og nálægt vegi við Vatnshól. Ljósleiðari og rafstrengur liggja um námurnar Hörgshól II og víkkaða skeringu við stöð 4000.

Ljósleiðari Mílu liggur í sama ídrætti og jarðstrengur um námurnar Hörgshól II og víkkaða skeringu við stöð 4000, en liggur ofan Vatnsnesvegar á kaflanum milli Hörgshóls og Hringvegar.

Hitaveitulögn liggur á tveimur stöðum í gegnum Vatnsnesveg, það er við Sporð og á móts við Vatnshól en þar er stofnlögn.



Mynd 1. Fyrirhugað framkvæmdasvæði milli Síðuvegar og Hringvegar sýnt með blárri línu (mynd fengin úr tilkynningu Vegagerðarinnar).

Á vegkaflanum sem á að endurbyggja eru tvö vegmót, annars vegar við Síðuveg þar sem kaflinn hefst og hins vegar við Hringveg þar sem vegurinn endar. Á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði eru fimm heimreiðar á vegaskrá og til viðbótar eru þrjár vegtengingar að eyði- og frístundajörðum. Einnig eru tengingar inn á tún, að námum, ám og vegslóðum. Við býlin eru víða tún og skurðir meðfram núverandi vegi. Burðarþol og uppbygging vegarins er ábótavant. Planlega núverandi vegar er sæmileg en hæðarlegu vegarins er sums staðar ábótavant með skertum sjónlengdum. Girðingar eru víðast beggja vegna meðfram vegi, í góðri fjarlægð frá honum. Fremur lítil umferð er um veginn og slysatíðni lág.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Vatnshlot og lífríki straumvatna

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að helstu ár í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði séu Grundará, Hörghólsá og Reyðarlækur en vatn úr ám og lækjum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði renni í árnar. Vegurinn liggi yfir Hörghólsá á brú en henni verði skipt út fyrir ræsi og framkvæmdin muni því raska farvegi hennar. Unnið hafi verið áhrifamat á vatnshlot sem fylgi með sem viðauki við matsskyldufyrirspurn.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan þriggja grunnvatnshlota; Vatnsnes (101-171-G) 407 km^2 að stærð með óþekkta magnstöðu og óþekkt efnafræðilegt ástand, skráð álag sé staðbundið frá öskuhaugum og sorplosun, Björg (101-53-G) 10,2 km^2 að stærð með óþekkta magnstöðu og óþekkt efnafræðilegt ásamt og ekkert skráð álag, og Stórisandur (101-1582-R) 4.709,3 km^2 að stærð með óþekkta magnstöðu og óþekkt efnafræðilegt ástand, skráð álag sé staðbundið frá öskuhaugum og sorplosun.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði fari einnig um þrjú straumvatnshlot; Grundará (101-1549-R) 12,5 km að lengd með mjög gott vistfræðilegt ástand, óþekkt efnafræðilegt ástand og ekkert skráð álag, lítil áhrif séu af völdum vatna/votlendis á vatnshlotið, Hörghólsá (101-1582-R) 15,1 km að lengd með mjög gott vistfræðilegt ástand og óþekkt efnafræðilegt ástand, ekkert álag sé skráð á vatnshlotið og mikil áhrif séu af völdum vatna/votlendis, og Reyðarlækur (101-1463-R) 24,5 km að lengd með mjög gott vistfræðilegt ástand og efnafræðilegt ástand sé óþekkt, ekkert álag sé skráð á vatnshlotið og mikil áhrif séu af völdum vatna/votlendis á vatnshlotið.

Fram kemur að við rask á árfarvegum og lækjum verði straumvatnshlotum raskað. Engar framkvæmdir verði í Grundará eða Reyðarlæk en straumvatnshlotinu Hörghólsá verði raskað með lagningu ræsis í stað brúar. Búast megi við áhrifum á lífríki sem verði tímabundin og staðbundin. Áður en framkvæmdir hefjist verði haft samband við fiskifræðing til að fá leiðbeiningar um hvaða aðgerða þurfi að grípa til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á veiðivötn. Mögulegt sé að framkvæmdin raski lítt röskuðu votlendi meðfram vegi, en votlendi á framkvæmdasvæðinu hafi verið raskað áður og víða séu gamlir framræsluskurðir meðfram vegi. Ekki verði grafnir nýir skurðir eða rásir sem gætu haft áhrif á grunnvatnsstöðu en með því sé hægt að draga úr áhrifasvæði vegar á votlendið sem hafi verið raskað með fyrri veglagningu.

Helstu áhrif vegaframkvæmdar á vatnsformfræðilega gæðaþætti sé hækkun vatnsborðs ofan við veglínu í flóðum, setflutningur í og við vatnsop og hugsanleg áhrif á grunnvatnstöðu við vegfyllingu á votlendissvæðum. Taka verði tillit til þessa áhrifa við hönnun og draga úr öllum áhrifum eins og kostur sé. Ný vatnsop verði jafnstór eða stærri en núverandi vatnsop og því megi gera ráð fyrir að vatnsborðshækkun ofan við veg í flóðum verði ekki meiri en nú sé við núverandi veg. Óveruleg áhrif verði einnig á setflutninga.

Á framkvæmdatíma sé helst hætta á mengunarslysi umfram þá sem almenn umferð geti valdið. Hún tengist olíu, s.s. vegna áfyllingar á vélar og tæki, olíuleka frá tækjum og að glussi geti lekið niður ef glussaslöngur bili. Framkvæmdir ættu ekki að hafa mikil áhrif á lífríki Grundár, Reyðarlækjar, Hörghólsár eða Vatnsdalsár en grípa þurfi til aðgerða til að draga úr hættu á að það gerist. Við lagningu nýrra ræsa í læki sem renni í Reyðarlæk megi búast við áhrifum á lífríki sem verði tímabundin og staðbundin.

Það sé mat framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni ekki leiða til þess að ástand straumvatnshlotanna Hörghólsá og Reyðarlækur eða grunnvatnshlotin Stórisandur, Björg og Vatnsnes hnigni né að þau nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Mótvægisaðgerðir

Vatnsop verði það stór að þau muni ekki hafa áhrif á vatnshæð og straumhraða þegar rennsli í ám og lækjum sé nálægt meðalrennsli. Þegar flóð séu mikil í ánum verði vatnshæðin ofan vegar hærri en hún hefði orðið án vegar og útbreiðsla vatns því meiri ofan vegar eftir framkvæmd. Gæta skuli að því að ræsi verði grafin niður um 10-20% af þvermáli til að tryggja að jarðefni safnist í botn ræsanna og samfella haldist í farveginum.

Þar sem vegur þveri votlendi sé mikilvægt að reyna að draga úr áhrifum vegar á grunnvatnsstöðu og yfirborðsrennsli eins og kostur sé. Lagt sé til að forðast að grafa nýja skurði og rásir. Setja þurfi ræsi eða pípur í alla farvegi, skurði og lægðir þar sem vatn hafi runnið, til að líkja sem best eftir náttúrulegu flæði, takmarka vatnsþrýstingsmun ofan og neðan við veg og þannig takmarka áhrif á grunnvatnsstöðu.

Mengunarstyrkur afrennslis sé lítill og vatnshlot ekki mjög viðkvæm fyrir mengun, því séu ekki gerðar sérstakar kröfur um hönnun mengunarvarna. Til að lágmarka áhættu á mengunarslysi á framkvæmdatíma sé verktaka gert skylt að sinna viðhaldi og eftirliti véla og tækja með markvissum hætti. Útbúa skuli sérstakt áfyllingarsvæði á landi þar sem áfylling olíu á vélar fari fram til að tryggja að olía og önnur mengandi efni berist ekki í jarðveg utan við skilgreint svæði komi til óhappa. Sama gildi um geymslu mengandi efna á verktíma.

Framkvæmdin verði í samræmi við Vatnaáætlun Íslands og lög og reglugerð um stjórn vatnamála. Vatnsop verði nægilega stór og mörg til að hafa sem minnst áhrif á grunnástand vatnshæðar, straumhraða og setflutninga. Vegagerðin telji að áhrif á vatnshlot af völdum vegagerðarinnar verði óveruleg.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra kemur fram að heilbrigðiseftirlitið geri ekki athugasemd við framkvæmdina en leggi áherslu á að við efnistöku, sérstaklega í nýjum námum við Móamela suður og Móamela III, verði vinnsludýpi ákvarðað með hliðsjón af grunnvatnsstöðu. Þess verði gætt að ekki verði grafið niður fyrir grunnvatnsborð eða með þeim hætti að vatnsuppistaða myndist á efnistökusvæðum. Við rannsóknargröft hafi komið niður á grunnvatn á báðum þessum efnistökusvæðum. Fyrirhuguð efnistaka sé allt að 49.000 m^3 í Móamelum suður og 40.000 m^3 í Móamelum III.

Einnig kemur fram að heilbrigðiseftirlitið leggi áherslu á að áfylling eldsneytis, geymsla olíu og annarra mengandi efna og önnur starfsemi sem geti valdið mengun verði staðsett og frágengin þannig að komið verði í veg fyrir mengun jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns. Sérstaklega verði gætt að mengunarvörnum í nágrenni vatnsfarvega, þ.m.t. Hörghólsár og Reyðarlækjar. Viðeigandi mengunarvarnarbúnaður skuli vera tiltækur á framkvæmdasvæðinu og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjist. Í fyrirliggjandi gögnum komi fram að hætta á mengunaróhöppum aukist á framkvæmdatíma, einkum í grennd við Reyðarlæk og við þverun Hörghólsár.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin muni sjá til þess að verktaki hafi tiltækan mengunarvarnarbúnað á framkvæmdasvæðinu og hafi tilbúna viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa áður en framkvæmdir hefjist.

Vistgerðir og gróðurfar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að þær gróðurtegundir sem finnist á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu mólendi, graslendi, ræktað land og votlendi. Engar leirur, sjávarfitjar,

tjarnir eða gamlir birkiskógar séu við núverandi veg. Hins vegar sé votlendi sem njóti verndar að finna meðfram veginum á nokkrum stöðum. Mikið sé um tún og akra í nágrenni Síðuvegar sem hafi ekkert verndargildi og því hafi ekki verið ráðist í rannsókn á gróðurfari heldur stuðst við fyrirliggjandi gögn.

Þar sem óhjákvæmilega þurfi að raska votlendi vegna framkvæmdarinnar eigi að hafa samband við Land og skóg um að meta stærð raskaðs votlendis og endurheimta sambærilegt votlendi í grennd við rasksvæði eins og því sé viðkomið í samráði við landeigendur. Sumar af þeim vistgerðum sem séu við og á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi hátt verndargildi og sumar séu á lista Bernarsamningsins frá 2014 um vistgerðir sem þarfnist verndar.

Gróður sem lendi undir fyllingum eða vegskeringum muni hverfa og reiknað sé með að græða upp allt rask á vegsvæði á grónum svæðum. Vegagerðin telji að áhrif á gróður vegna framkvæmdanna verði óveruleg. Votlendi sem sé innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis hafi á stórum hluta áður verið raskað með vegagerð og framræslu. Áður en framkvæmdir hefjist verði metið og mælt hversu stórt gróðurlendi og votlendi verði raskað við þær framkvæmdir sem hér séu kynntar. Endurheimt votlendis í stað þess sem raskast verði í samráði við landeigendur og Land og skóg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að framkvæmdasvæðið sé utan verndarsvæða en skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar liggi núverandi vegur í gegnum votlendi sem njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Hafa beri í huga að vistgerðarkortið hafi verið unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greini vistgerðir misvel. Því séu upplýsingar þess ekki óbrigðular og ekki æskilegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða. Skurðir séu meira og minna meðfram núverandi vegi og því verði ekki mikið viðbótar rask á votlendi vegna framkvæmdanna.

Fram kemur að Hrísastör sem sé á válista og friðlýst hafi fundist í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Hún vaxi í deigum hrís- og lyngmóum en ólíklegt sé að framkvæmdir muni hafa áhrif á vaxtarstað hennar. Þá séu nokkrir fossar, sem einnig njóti sérstakrar verndar náttúruverndarlaga í námunda við framkvæmdasvæðið. Við framkvæmdirnar þurfi að gæta þess að ekki verði breytingar á rennsli og ásýnd sem gæti haft áhrif á fossana.

Efnistaka verði bæði úr námum sem séu á skipulagi og úr nýjum námum og þrjár þeirra séu í útvíkkuðum skeringum sem þurfi að fara í vegna framkvæmdanna. Tvær námur hafi ekki verið nýttar áður, þær séu úr malarhjöllum undir túnum rétt við veginn og þurfi að breyta aðalskipulagi vegna þeirra. Einnig þurfi að breyta aðalskipulaginu vegna aukinnar efnistöku úr námunni Hörgshóll II en þar sé unnin jökulruðningur og ummyndaður bergkjarni. Náman sé við vegstæðið og fram komi að á svæðinu sé smá deiglendi sem æskilegt sé að hlífa ef hægt sé.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að vegabæturnar fari um svæði þar sem finna megi votlendi sem njóti sérstakrar verndar náttúruverndarlaga. Votlendinu hafi nú þegar verið raskað þegar núverandi vegur var lagður og með framræslu. Stærð votlendis og gróðursvæða sem raskist vegna framkvæmdanna verði mæld áður en framkvæmdir hefjist og gróður og votlendi endurheimt í stað þeirra. Stofnunin árétti að þar sem ekki sé hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd sé góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisaðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Brýnt sé að vöktunaráætlun framkvæmdar tryggi ofangreint, sérstaklega ef ákvarðað sé að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin muni gæta að því að breyta hvorki rennsli vatnsfalla eða ásýnd sem gæti haft áhrif á fossa í námunda við framkvæmdasvæðið. Við efnistöku úr Hörgshól II verði reynt að hlífa deiglendi sem sé í jaðri hennar. Unnið sé að breytingum á aðalskipulagi vegna efnistöku.

Við eftirlit með framkvæmdunum og frágangi vegna þeirra verði fylgst með að þær mótvægisaðgerðir sem fjallað sé um í skýrslunni verði uppfylltar.

Einnig kemur fram í svörum framkvæmdaraðila að beint rask á votlendi mælt út frá þekju Náttúrufræðistofnunar yfir votlendi sem njóti verndar sé um að ræða í kringum 24.600 m^2, eða 2,5 ha sem raskist vegna framkvæmdanna.

Landnotkun

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu þar uppbygging vegarins liggi um núverandi veg, nema á 0,3 km kafla við heimreið að Böðvarshólum, milli stöðva 2850-3150. Á þeim kafla muni nýr vegur liggja við hlið núverandi vegar. Samráð verði haft við Rarik, Mílu, Húnaþing vestra og landeigendur vegna hönnunar framkvæmdarinnar og efnistöku. Sérstaklega þar sem hætta sé á að lagnir eða jarðstrengir geti raskast. Verktakar verði upplýstir um allar lagnir á svæðinu. Núverandi vegur og þar með fyrirhugað framkvæmdasvæði liggi víða meðfram túnum en stefnt sé að því að þeim verði ekki raskað við framkvæmdir. Mótun landsins muni fara fram í samráði við landeigendur, Húnaþing vestra og Húnabyggð.

Í umsögn Rarik kemur fram að á áætluðu framkvæmdasvæði liggi strengir frá Rarik sem þveri veginn. Milli Hörghóls og Urðarbaks, Sóleyjarnúps og Spors og við Pétursstaði. Mikilvægt sé að Vegagerðin hafi samband tímanlega við Rarik til að staðsetja strengina nákvæmlega og tryggja að strengirnir verði ekki fyrir skemmdum á framkvæmdatíma.

Í umsögn Landsnets kemur fram að Laxárvatnslína 1 liggi um suðurenda framkvæmdasvæðisins. Um sé að ræða 132 kV loftlínu á vegum Landsnets. Meðfram línunni sé helgunarsvæði loftlína en það sé breytilegt og ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Dæmigerð breidd helgunarsvæðis 132 kV loftlínu sé 35-55 m, þ.e. 17,5 – 27,5 m til hvorrar handar frá línunni. Innan helgunarsvæðis línunnar liggi byggingarbann þ.e. á því svæði sé óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt sé takmörkum háð, en ýmis landnotkun sé leyfð. Núverandi gatnamót Vatnsnesvegar og Hringvegar liggi í um 30 m fjarlægð frá Laxárvatnslínu 1. Samkvæmt teikningu nr. 9 í fylgiskjölum matsskyldufyrirspurnar verði ný gatnamót færð undir ofangreinda línu Landsnets. Skoða þurfi vel hvort fjarlægð á milli gatnamóta og masturs 218 sé fullnægjandi m.t.t. öryggissjónarmiða bæði raflínu og vegar. Leyfi Landsnets þarf fyrir framkvæmdum nærri Laxárvatnslínu 1.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin muni hafa samráð tímanlega við Rarik um nákvæma legu strengja til að koma í veg fyrir skemmdir á þeim.

Einnig kemur fram að Vegagerðin hafi endurskoðað legu vegamóta Vatnsnesvegar og Hringvegar vegna ábendinga Landsnets og landeigenda. Tekin hafi verið ákvörðun um að vegamótin verði áfram í þeirri legu sem þau séu nú. Samráð verði haft við Landsnet um framkvæmdir innan helgunarsvæðis Laxárvatnslínu 1.

Fornleifar

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að við Vatnsnesveg séu engar friðlýstar fornleifar en eitt friðað hús skv. aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í samráði við minjavörð Norðurlands vestra hafi verið ákveðið að ráðast í fornleifarannsókn vegna endurbyggingar Vatnsnesvegar. Í kjölfarið hafi Byggðarsafn Skagfirðinga verið fengið til að skrá fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Áður en framkvæmdir hefjist verði að ráðast í fornleifarannsóknir á þeim námusvæðum sem ekki hafi verið rannsökuð og rannsóknin frá 2025 náði ekki til þ.e. Móamelar suður, Móamelar III, Uppsalanáma, víkkuð skering á stöðum 1550, 3250 og 4000.

Sjö fornleifar voru skráðar innan mögulegs framkvæmdasvæðis Vatnsnesvegar af Byggðarsafni Skagfirðinga:

- → Grund 3487-17 Garðlag með óþekkt hlutverk
- → Böðvarshólar 3487-18 Tóft með óþekkt hlutverk
- → Hörgshóll 3487-12 Gata, leið, samgönguminjar
- → Hörgshóll 3487-19 Vegur, leið, samgönguminjar
- → Hörgshóll 3487-20 Vegur, leið, samgönguminjar
- → Þóreyjarnúpur 3487-21 Vegur, leið, heimreið
- → Þóreyjarnúpur 3487-22 Heimild, kuml

Minjarnar séu að miklu leyti samgönguminjar en einnig fundust tóft og garðlag með óþekkt hlutverk. Þá sé heimild um kumlfund sem sé ekki með þekkta nákvæma staðsetningu en vert sé að vera á varðbergi gagnvart enda kalli eitt kuml oft á fleiri kuml.

Sex minjar séu metnar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmdanna sé það hlutverk Minjastofnunar Íslands að gefa lokamat og taka ákvörðun um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður. Óskað verði eftir leyfi hjá stofnuninni vegna þeirra fornleifa sem nauðsynlegt reynist að raska. Farið verði eftir tilmælum stofnunarinnar um mótvægisaðgerðir til að koma í veg fyrir að aðrar minjar raskist og um frekari rannsóknir ef þess gerist þörf. Gera megi ráð fyrir að skráðar fornminjar innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis, eða hafi hátt verndargildi, verði merktar á áberandi hátt og kynntar í útboðsgögnum til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Í útboðsgögnum verði lögð áhersla á að raska ekki landi utan skilgreinds framkvæmdasvæðis.

Vegagerðin telji líklegt að ekki sé hægt að komast hjá því að raska eftirfarandi fornleifum og verði óskað eftir leyfi frá Minjastofnun Íslands vegna þess:

Númer	Jörð	Hlutverk	Tegund	Ástand	Athugasemd
3487-17	Grund	Óþekkt	Garðlag	Greinanlegar	12 m frá fyrirhugaðri miðlínu
3487-18	Böðvarshólar	Óþekkt	Tóft	Greinanlegar	8 m frá fyrirhugaðri miðlínu
3487-12	Hörgshóll	Leið	Gata	Greinanlegar	Innan námukosts og 15 m frá fyrirhugaðri miðlínu
3487-19	Hörgshóll	Leið	Vegur	Greinanlegar	7-30 m frá fyrirhugaðri miðlínu
3487-20	Hörgshóll	Leið	Vegur	Greinanlegar	14 m frá fyrirhugaðri miðlínu
3487-21	Þóreyjarnúpur	Leið	Vegur	Greinanlegar	11 m frá fyrirhugaðri miðlínu

Tafla 1. Fornleifar sem hætta sé á að raskist vegna framkvæmdanna (mynd fengin úr tilkynningum framkvæmdaraðila).

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að fornleifaskráning hafi farið fram á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og það sé mat stofnunarinnar að frekari gagnaöflunar sé ekki þörf til að taka afstöðu til menningarminja og mögulegra mótvægisaðgerða vegna þeirra. Stofnunin telji framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum en muni senda framkvæmdaraðila upplýsingar um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir innan tíðar.

Landslag

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdasvæðið sé á austanverðu Vatnsnesi og fylgi núverandi Vatnsnesvegi eða liggi meðfram honum um landbúnaðarsvæði. Um sé að ræða

10,2 km langan vegkafla þar sem vegurinn sé uppbyggður malavegur. Á svæðinu hafi landinu verið raskað áður með landbúnaði, efnistöku og vegagerð. Landslagið sé menningarlandslag og beri sterk einkenni af landbúnaði.

Fram kemur að framkvæmdin muni hafa áhrif á landslagsgerðina Húnafjörður, graslendar sléttur við strendur. Núverandi vegi verði að mestu fylgt en hann verði færður til, breikkaður og hæðar- og planlegan löguð þar sem þörf sé á vegna umferðaröryggis. Helstu áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði þar sem skeringar og/eða fyllingar verði miklar og þar sem námur verði meðfram vegi. Flestar námur séu fast við veginn svo framkvæmdasvæði þeirra renni saman við framkvæmdsvæði vegarins. Eiginlegt rasksvæði meðfram vegi verði því mun meira en þarf vegna vegarins, sérstaklega við námurnar við Móamela þar sem nú séu tún. Við verkhönnun vegarins verði námur, skeringar og fyllingar hannaðar nánar til að raska landslagi ekki meira en þörf sé á vegna framkvæmdanna.

Að framkvæmdum loknum hafi landslagsmyndin breyst meðfram veginum, því endurbyggður vegur verði breiðari en núverandi vegur, með meira aflíðandi fláum og lagður á hærri fyllingum og dýpri skeringum en núverandi vegur. Mannvirkið verði þó lítið áberandi fyrir þá vegfarendur sem eigi leið um Vatnsnesveg. Efnistaka úr námum muni einnig breyta landslaginu, þar sem efni verði fjarlægt og notað við lagningu vegarins. Breytingar á landslaginu muni sjást frá bæjum og svæðum í grennd við veginn og námur, en gert sé ráð fyrir að þær verði að mestu tímabundnar þar til gróður á röskuðum svæðum hafi náð sér á strik.

Jarðmyndanir

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að berggrunnurinn sé einkum úr basalti frá tertíer eða eldri en 3 milljón ára. Í Vatnsnesfjalli og Víðidalsfjalli finnist fornar megineldstöðvar með líparíti og ummynduðu bergi. Landið sé allt mjög rofið af jöklum jökulskeiða ísaldar þar sem skiptast á grunnir og breiðir dalir með lágum ásum og heiðum á milli. Jarðhiti sé á nokkrum stöðum en aðeins hluti hans hafi verið nýttur. Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis séu blágrýti, grágrýti og samhverfuás.

Fram kemur að við framkvæmdina verði áhrif á jarðmyndanir. Annars vegar vegna rasks við vegagerð og hins vegar vegna efnistöku úr námum. Engar af þeim jarðmyndunum sem verði raskað njóti verndar. Vegagerð og efnistaka fari fram á svæðum sem séu fast við svæði sem áður hafi verið raskað. Að teknu tilliti til þess rasks sem nú þegar hafa orðið á svæðinu og þess að engum jarðmyndunum sem njóti verndar verði raskað, þá telji Vegagerðin að áhrif á jarðmyndanir við vegagerð og efnistöku verði óveruleg.

Fuglar og Spendýr

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að selir séu mikilvægur hluti lífríkis á Vatnsnesi og mikil sellátur séu víða, þar sem bæði landselur og útselur kæpa. Byggðir hafi verið upp selaskoðunarstaðir og ferðaþjónusta á nesinu í tengslum við þá. Engin sellátur séu í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Engin mikilvæg fuglasvæði séu innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis en svæðið Hóp-Vatnsdalur sé mikilvægt fuglasvæði sem sé austan við framkvæmdasvæðið. Á Vatnsnesi sé mjög fjölskrúðugt fuglalíf. Endurbyggður Vatnsnesvegur muni að mestu fylgja núverandi vegi og því ætti skerðing búsvæða að verða lítil. Framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fugla á meðan á framkvæmdum standi en Vegagerðin dragi þær ályktanir út frá fyrirliggjandi gögnum á áhrifum vega á fuglalíf, að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á fuglalíf því núverandi vegi sé að mestu fylgt. Einnig sé umferð um veginn lítil.

Mannlíf, útivist og ferðaþjónusta

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé mikill landbúnaður. Sauðfjárrækt og hestarækt sé stunduð í grennd við framkvæmdasvæðið og tún séu

við mörg býlin. Á nokkrum jörðum séu frístundahús en engin þekkt ferðaþjónusta sé við Vatnsveg á þessum kafla. Á kortasjá ferðamálastofu sé fjallað um einn ferðamannastað sem sé með miðlungs aðdráttarafl, þ.e. Litlifoss við Hörghólsá en aðgangur að honum sé háður leyfi landeiganda. Við Breiðabólstað, vestan Vatnsnesvegar standi Breiðabólstaðakirkja sem einnig sé talin til ferðamannastaða með miðlungs aðdráttarafl. Við norðurenda framkvæmdakaflans liggi göngu- og reiðleið um Heydal frá Breiðabólstað að Hvammstanga. Reiðleiðir séu samkvæmt skipulagi meðfram núverandi vegi. Veiði sé einnig stunduð við Vesturhópsvatn, við suðurhluta vatnsins í landi Bjarghúsa.

Fram kemur að á framkvæmdatíma geti skapast nokkur störf á svæðinu en umferð um svæðið muni raskast talsvert vegna umferðar þungra vinnuvéla. Íbúar og vegfarendur á framkvæmdakaflanum muni verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Að loknum framkvæmdum muni koma fram jákvæð áhrif á mannlíf, útivist og ferðaþjónustu vegna öruggari og betri samgangna. Vegagerðin geri ráð fyrir að reiðfært verði meðfram Vatnsnesvegi. Telja megi að með því að byggja upp veginn og leggja á hann bundið slitlag muni ferðatími styttast og þægindi aukast fyrir alla vegafarendur.

Öryggi, samgöngur og heilsa

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að við núverandi veg séu sex bæir með fasta búsetu. Einnig séu tvö gömul íbúðarhús sem enn séu nýtt til frístunda. Einnig séu fimm frístundahús í grennd við framkvæmdasvæðið. Engin íbúðarhús eða frístundahús séu í minna en 100 m fjarlægð frá vegi á þeim kafla sem fyrirhugað sé að endurbyggja.

Gera megi ráð fyrir að eitthvert ónæði sé nú af hljóð- og rykmengun þar sem vegurinn liggi um byggðir en með klæðningu vegarins muni aðstæður batna. Að loknum framkvæmdum verði minni loftmengun og minni umferðarhávaði en nú. Klæðning í stað malarslitlags muni draga verulega úr rykmengun frá veginum. Hætta á mengunarslysum muni aukast á framkvæmdatíma sérstaklega þar sem unnið sé í grennd við ár, vötn og læki. Að loknum framkvæmdum verði hættan minni vegna öruggari vegar.

Endurbyggður vegur verði á sama stað og núverandi vegur, umferð um svæðið muni raskast tímabundið meðan vegurinn verði endurbyggður. Þá gætu efnisflutningar úr námum haft áhrif á umferð, mögulega bæði á Vatnsnesvegi, Hringvegi og á Síðuvegi. Jákvæð umhverfisáhrif séu af bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þegar lagður hafi verið öruggari og breiðari vegur með bundnu slitlagi og bættri hæðar- og planlegu í stað núverandi vegar. Brú í Hörghólsá verði fjarlægð og ræsi komið fyrir í stað hennar. Önnur ræsi í veginum verði endurnýjuð og vegkantar gerðir meira aðlíðandi. Einnig sé talið að við lok framkvæmdanna verði minni hætta á snjósöfnun á vegi og vatn liggi á honum. Við framkvæmdina aukist umferðaröryggi og samgöngur batni.

5 Skipulag og leyfi

Í gildi er Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026. Breyta þarf aðalskipulaginu vegna nýrra náma sem nota á við framkvæmdirnar sem og vegna aukinnar efnistöku úr Hörgshóli II. Skoða þurfi hvort breytt lega vegarins kalli einnig á breytingu á aðalskipulaginu.

Uppsalanáma er á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá Húnaþingi vestra og framkvæmdaleyfi frá Húnabyggð vegna efnistöku úr Uppsalanámu skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig þarf starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra vegna efnistöku samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þá þarf að afla leyfi Fiskistofu vegna framkvæmda í

eða við veiðivatn skv. lögum um lax- og silungsveiði. Framkvæmdin þarf einnig að vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun Íslands. Leyfi þarf frá Minjastofnun Íslands ef raska á fornleifum skv. lögum um menningarminjar.

Þar sem veglínan skarast við helgunarsvæði háspennulínu þarf náið samráð við eiganda hennar um útfærslur. Engar framkvæmdir verða innan helgunarsvæðis háspennuvirkis í rekstri nema fyrir liggi heimild frá viðkomandi raforkuflutningsaðila.

6 Niðurstaða

Um er að ræða uppbyggingu Vatnsnesvegar, Húnaþingi vestra. frá Síðuvegi að Hringvegi 1. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 2.02 og 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingar náttúruauðlinda, mengun, ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, vegna fornleifa eða á grundvelli alþjóðlegra samninga sem Ísland er bundið af. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða, sérstæðra jarðmyndana, landslagsheilda og kjörlendis dýra sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Hér er um að ræða fremur umfangslitlar framkvæmdir við endurbyggingu vegarkafla á framkvæmdasvæði sem hefur verið raskað að mestu leyti áður með mannvirkjagerð. Endurbygging vegarins mun fylgja núverandi vegstæði að langmestu leyti. Við endurbyggingu 10,2 km langs kafla Vatnsnesvegar þarf nokkuð af efni eða um 166.500 m^3. HMS telur að áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar felast helst í áhrifum á fornleifar, jarðveg og votlendi. Tæp 8.700 m^3 af efni munu fást úr skeringum og 158.000 m^3 úr námum, jarðmyndanir sem nota á við framkvæmdirnar njóta ekki sérstakrar verndar. Gera má ráð fyrir staðbundnu ónæði á framkvæmdatíma.

Stofnunin telur að framkvæmdin komi til með að hafa minniháttar áhrif á fuglalíf og landslag og ásýnd, auk þess sem stofnunin telur að framkvæmdin komi ekki til með leiða til þess að vatnshlot á áhrifasvæði framkvæmdarinnar nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Engu að síður telur stofnunin rétt að leggja áherslu á góða umgengni og vandaðan frágang við framkvæmdirnar til að draga úr líkum á mögulegum áhrifum og að farið verði eftir þeim mótvægisaðgerðum sem framkvæmdaraðili leggur upp með í matsskyldufyrirspurninni.

Nýr vegur mun valda óafturkræfu raski á fornleifum og votlendi en framkvæmdirnar munu koma til með að raska sex fornleifum. Minjastofnun Íslands leggst ekki gegn því í umsögn sinni að þessum fornleifum verði raskað en mun upplýsa framkvæmdaraðila um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir. Framkvæmdaraðili mun ráðast í fornleifarannsóknir á þeim efnistökusvæðum sem fyrirliggjandi fornleifarannsókn náði ekki til áður en framkvæmdir hefjast. Með hliðsjón af staðsetningu framangreindra efnistökusvæða telur HMS ekki ástæðu til að telja líklegt að fyrirhuguð efnistaka leiði til umtalsverðra neikvæðra áhrifa á forminjar. En um er að ræða efnistöku úr ræktuðu landi og vegskeringum sem voru að hluta innan rannsóknasvæðis

fyrirliggjandi fornleifaúttektar, auk töku efnis úr opinni grjótnámu. HMS bendir á að Vegagerðin þarf að hafa samráð við Minjastofnun Íslands að loknum frekari rannsóknum.

Raska þarf um 2,5 ha af votlendi vegna framkvæmdanna en votlendi innan framkvæmdasvæðisins hefur áður verið raskað á stórum hluta með vegagerð og framræslu. Vegagerðin ætlar að endurheimta sambærilegt votlendi í grennd við rasksvæðið í samráði við landeigendur. HMS telur brýnt að áform Vegagerðarinnar varðandi frágang verði eins og lýst hafi verið við meðferð málsins. Skeringar verða aðlagaðar að landslagi í kring og þess gætt að ekki myndast vatnsuppistöður og vindaálag, grenndargróður verður notaður við uppgræðslu á röskuðum svæðum, auk þess sem jarðvegur á námusvæðum verður notaður til að jafna yfir svæði að efnistöku lokinni. Skeringar og námur verða ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur og frágangi hagað þannig að ekki myndast rof í landi. Að mati HMS þarf í framkvæmdaleyfi að kveða sérstaklega á um endurheimt votlendis, frágang að efnistöku lokinni sem og skilyrði þess efnis að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en Minjastofnun Íslands hefur upplýst um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir er varðar fornminjar.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða HMS að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 16. nóvember 2026.

Reykjavík, 14. október 2026

Egill Þórarinsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir

Rafræn skilríki

HMS Húsnæði Mannvirki Skipulag



Þórdís Stella Erlingsdóttir
Sérfræðingur, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

HMS Húsnæði Mannvirki Skipulag



Egill Þórarinsson
Teymisstjóri, umhverfismat
Svið skipulags og umhverfismats

Undirritað með OneSign